

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/861

2030/EES/376/01

frá 18. febrúar 2016

um leiðréttingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna annarrar áhættu en delastuðulsáhættu í tengslum við valrétti í staðalaðferð markaðsáhættu og um leiðréttingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 604/2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla að því er tekur til eiginlegra og viðeigandi meginlegra viðmiðana til að skilgreina flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 94. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærnisröfufur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾, einkum 329. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.), 352. gr. (þriðju undirgrein 6. mgr.) og 358. gr. (þriðju undirgrein 4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 3. mgr. 329. gr., þriðju undirgreinar 6. mgr. 352. gr. og þriðju undirgreinar 4. mgr. 358. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 kveða á um að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin þrói aðferðir til að endurspegla aðra áhættu, að frátalinni delastuðulsáhættu, í kröfum vegna eiginfjárgrunns stofnana, í réttu hlutfalli við umfang og flækjustig í starfsemi stofnana á sviði valréttu og kaupréttu. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur því samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum hvað þetta varðar sem framkvæmdastjórnin studdi og samþykkti í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2014 ⁽³⁾.
- 2) Í ramma um varfærnisefirlit sem komið er á með tilskipun 2013/36/ESB er gerð krafa um að allar stofnanir tilgreini allt starfsfólk sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar. Í samræmi við 2. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum hvað þetta varðar sem framkvæmdastjórnin studdi og samþykkti í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 604/2014 ⁽⁴⁾.
- 3) Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 528/2014 og framseldri reglugerð (ESB) nr. 604/2014 eru nokkrar villur sem þarf að leiðrétta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 144, 1.6.2016, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna annarrar áhættu en delastuðulsáhættu í tengslum við valrétti í staðalaðferð markaðsáhættu (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 29).

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 604/2014 frá 4. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla að því er tekur til eiginlegra og viðeigandi meginlegra viðmiðana til að skilgreina flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunar (Stjtið. ESB L 167, 6.6.2014, bls. 30.)

- 4) Samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) nr. 528/2014 ætti einfölduð aðferð aðeins að vera tiltæk stofnunum sem eingöngu kaupa valrétti og kauprétti, en ekki ætti að skylda þær til að nota þá aðferð. Því er viðeigandi að leiðrétta orðalag 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 528/2014 sem skuldbindur þessar stofnanir til að nota einfölduðu aðferðina og kemur ekki í veg fyrir að aðrar stofnanir noti þá aðferð einnig.
- 5) Breyta ætti ákvæðum c-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 604/2014 þannig að allt starfsfólk, sem hefur sambærileg starfskjör og framkvæmdastjórn og þeir sem taka áhættu, sé tilgreint sem „aðilar sem taka verulega áhættu“, þ.e. það sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽¹⁾.
- 8) Til að tryggja að unnt sé að beita tæknilegu eftirlitsstöðunum á réttan hátt eins fljótt og auðið er, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framseldri reglugerð (ESB) nr. 528/2014

Í stað 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2014 kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Aðeins stofnanir sem eingöngu kaupa valrétti og kauprétti geta notað einfaldaða aðferð.“

2. gr.

Leiðrétting á framseldri reglugerð (ESB) nr. 604/2014

Í stað c-liðar í 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 604/2014 kemur eftirfarandi:

„c) á næstliðnu fjárhagsári voru launakjör starfsmannsins jöfn eða hærri en lægstu heildarlaunakjör aðila að framkvæmdastjórn eða starfsmanns, sem uppfyllir einhverjar viðmiðananna í 1., 5., 6., 8., 11., 12., 13. eða 14. lið 3. gr., á því fjárhagsári.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
